

Ársfundur Austurbrúar ses. 2026

haldinn í félagsheimilinu Skrúð, Fáskrúðsfirði

20. mars kl 13:00

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð gesti velkomna. Lagði hún til að Jón Björn Hákonarson yrði fundarstjóri og Gunnar Jónsson og Þórður Vilberg Guðmundsson yrðu fundarritarar. Var það samþykkt.

Fundastjóri tók við stjórn fundarsins. Fór hann yfir að alls voru yfir 60 fundargestir, þar af 13 atkvæðisbærir fulltrúar. Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag fundarins, þ.e. að þetta væri opinn fundur en ákveðnir aðilar hefðu atkvæðisrétt, þ.e. stofnaðilar Austurbrúar sem hafa eitt atkvæði hver og hagsmunaaðilar hafa saman alls fimm atkvæði.

Fundurinn var boðaður með sérstöku bréfi til stofnaðila, á vef Austurbrúar auk þess sem auglýsing var birt í Dagskránni og á samfélagsmiðlum. Fundurinn taldist því löglega boðaður og voru ekki gerðar athugasemdir við það. Fundurinn fór eftir dagskrá skv. 7. gr. skipulagsskrár Austurbrúar. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan og að því loknu var gengið til dagskrár.

1) Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri bauð Berglindi Hörpu Svavarsdóttir, formann stjórnar Austurbrúar, að kynna skýrslu stjórnar.

Formaður stjórnar Austurbrúar flutti ávarp og fór yfir starfsemi stofnunarinnar frá síðasta ársfundi. Hann lagði áherslu á að verkefni Austurbrúar væru fjölbreytt og að bæði stjórn og starfsfólk hefðu unnið markvisst að því að efla þróun og framþróun samfélagsins á Austurlandi með framsækinni nálgun og nýjum verkefnum.

Í ávarpinu var fjallað um hlutverk Austurbrúar sem mikilvægs milliliðar milli sveitarfélaga, ríkisins og annarra hagaðila, þar á meðal íbúa, fyrirtækja og félagasamtaka. Þá var farið yfir víðtækt starfssvið stofnunarinnar sem nær meðal annars til atvinnuþróunar, menntunar, nýsköpunar, menningar, ferðaþjónustu og byggðaþróunar.

Sérstaklega var vikið að vinnu við efnahagsgreiningu Austurlands, sem unnin var í samstarfi við Analytica, og hefur reynst mikilvægt tæki til að styðja við málflutning landshlutans um aukna fjárfestingu og sanngjarna hlutdeild í opinberum fjármunum.

Formaður nefndi jafnframt fjölda viðburða á vegum Austurbrúar sem endurspeglar breidd starfseminnar, þar á meðal þátttöku í Mannamótum, málþingið Fjölmennara



Austurland, umhverfisráðstefnu um framtíðarskipulag, BRAS menningarhátíð barna og ungmenna, Daga myrkurs og Matarmót Austurlands. Þá var einnig fjallað um verkefni á sviði menntunar og færni, þjónustu við fjarnema og samstarf við atvinnulífið um fræðslu, auk verkefna sem snúa að byggðaðróun, svo sem Brothættum byggðum.

Fram kom að starf Austurbrúar byggi á sameiginlegri framtíðarsýn landshlutans, eins og hún birtist í Sóknaráætlun Austurlands og Svæðisskipulagi Austurlands, þar sem lögð er áhersla á sjálfbæra þróun, fjölbreytt atvinnulíf, öfluga innviði og góð lífsgæði.

Að lokum kom fram að þetta væri síðasti ársfundur formanns í því hlutverki. Hann þakkaði fyrir gott samstarf við stjórn, starfsfólk og samstarfsaðila á liðnum árum og hvatti til áframhaldandi samstöðu um uppbyggingu og eflingu Austurlands.

2) Afgreiðsla ársreikninga


Fundarstjóri gaf því næst Ingimar Guðmundssyni, verkefnastjóra hjá KPMG, orðið og kynnti hann niðurstöðu ársreiknings Austurbrúar.

KPMG sinnir endurskoðun Austurbrúar og er áritun KPMG fyrirvaralaus. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um tæpar 1,9 milljónir króna, eigið fé er jákvætt um rúmar 119 milljónir króna. Handbært fé er um 435 milljónir króna og eignir samtals um 514 milljónir króna.

Að öðru leyti lá reikningurinn fyrir til umræðu og samþykktar eftir atvikum.


Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Framlög	9	221.332.743	204.124.384
Aðrar tekjur	10	374.064.331	319.237.662
		<u>595.397.074</u>	<u>523.362.046</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	395.574.732	334.277.581
Annar rekstrarkostnaður		213.018.361	191.672.605
Afskriftir	12	3.486.834	3.381.713
		<u>612.079.927</u>	<u>529.331.899</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(16.682.853)	(5.969.853)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		24.020.504	17.744.899
Vaxtagjöld		(5.467.434)	(4.012.582)
		<u>18.553.070</u>	<u>13.732.317</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	15	<u>1.870.217</u>	<u>7.762.464</u>



Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skvr.	2025	2024
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	16.212.382	5.720.135
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	13	1.205.000	1.205.000
Fastafjármunir		<u>17.417.382</u>	<u>6.925.135</u>
Viðskiptakröfur	14	57.096.790	71.076.314
Aðrar skammtímakröfur		3.683.835	7.623.961
Handbært fé	7	435.402.232	298.570.128
Veltufjármunir		<u>496.182.857</u>	<u>377.270.403</u>
Eignir samtals		<u>513.600.239</u>	<u>384.195.538</u>
Eigið fé			
Stofnfé		1.600.000	1.600.000
Óráðstafað eigið fé		117.785.556	115.915.339
Eigið fé	15	<u>119.385.556</u>	<u>117.515.339</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		61.617.149	42.378.894
Fyrirframinnheimtar tekjur	8	241.580.989	164.569.274
Aðrar skammtímaskuldir		91.016.545	59.732.031
Skammtímaskuldir		<u>394.214.683</u>	<u>266.680.199</u>
Skuldir samtals		<u>394.214.683</u>	<u>266.680.199</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>513.600.239</u>	<u>384.195.538</u>



eflingu innviða, þar á meðal millilandaflugi um Egilsstaðaflugvöll og undirbúningi flugráðstefnu.

Jafnframt var gerð grein fyrir verkefnum á sviði þekkingar og greiningar, svo sem efnahagsgreiningu Austurlands og þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum, auk fræðslustarfs sem miðar að því að efla símenntun, háskólaþjónustu og færniþróun íbúa og atvinnulífs.

Þá var farið yfir verkefni sem snúa að fjárfestingum, nýsköpun og byggðapróun, þar sem lögð er áhersla á stuðning við frumkvöðla og fyrirtæki, greiningu fjárfestingatækifæra og aðgerðir til að styrkja brothættar byggðir.

Fram kom að starfsemi Austurbrúar væri víðtæk og þverfagleg og gegndi lykilhlutverki í að styðja við uppbyggingu, samhæfingu og þróun samfélagsins á Austurlandi.

Að lokum fór hún yfir yfir fjárhagsáætlun þessa árs.

Fjárhagsyfirlit Austurbrú		
	Rauntölur 2025	Áætlun 2026
Tekjur:		
Framlög.....	221.332.743	214.333.037
Aðrar tekjur.....	374.064.331	329.846.783
Tekjur samtals.....	595.397.074	544.179.820
Gjöld:		
Launakostnaður.....	395.574.732	384.639.435
Annar rekstrarkostnaður.....	213.018.361	188.137.980
Afskriftir.....	3.486.834	3.500.000
Gjöld samtals.....	612.079.927	576.277.415
Niðurstaða án fjármagnsliða.....	(16.682.853)	(32.097.595)
Fjármagnsliðir.....	18.553.070	6.000.000
Rekstrarniðurstaða.....	1.870.217	(26.097.595)

Fundarstjóri gaf því næst orðið laust um fjárhags- og starfsáætlun Austurbrúar.

Spurt var um hvað fælist í lækkun á tekjum og framlögum. Framkvæmdastjóri svaraði því til að samningar varðandi verkefni væru að taka breytingum, þau væru t.d. að færast á milli SSA og Austurbrúar.

Spurt var hvort rekstur Austurbrúar væri á niðurleið. Framkvæmdastjóri kvaðst ekki upplifa að svo væri. Hún benti þó á að starfsemin tæki stöðugum breytingum og mikilvægt væri að Austurbrú aðlagði sig að breyttum aðstæðum. Þá kom fram



að áætlanir gætu tekið breytingum á árinu þar sem ýmsir ytri þættir og ný verkefni gætu haft áhrif á framvindu þeirra.

Spurt var hvort frekari uppsagnir væru fyrirhugaðar. Framkvæmdastjóri svaraði því neitandi.

Spurt var hvort framlegð verkefna hefði verið reiknuð út. Framkvæmdastjóri svaraði að stuðst væri við mælaborð til að fylgjast með framlegð verkefna og leitast væri við að halda utan um hana eftir fremsta megni.

4) Breytingar á skipulagsskrá

Fyrir fundinum lágu engar breytingar á skipulagsskrá, en fundarstjóri gaf Skúla Birni Gunnarssyni orðið til að fjalla aðeins um væntanlega breytingar sem gera þarf vegna breytingar á fjölda stjórnamanna sem samþykktar voru á aðalfundi SSA fyrr um daginn. Þær breytingar þarf að leggja fyrir aukaársfund að loknum sveitarstjórnarkosningum.

5) Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses.

Engar breytingar á innri reglum á dagskrá.

6) Kosningar

A. Kjör endurskoðanda

Í samræmi við ákvörðun á 169. fundi stjórnar Austurbrúar þann 20. febrúar leggur stjórn til við ársfundinn að KPMG verði kjörinn endurskoðandi Austurbrúar fyrir árið 2026.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

B. Kjör starfsháttarnefndar

Formaður starfsháttarnefndar, Skúli Björn Gunnarsson, lagði fram tillögu um að fulltrúar í starfsháttarnefnd Austurbrúar ses. verði:

- Stefán Bogi Sveinsson, fyrrv. sveitarstjórnarmaður í Múlapingi.
- Íris Grímsdóttir, fyrrv. oddviti Vopnafjarðarhrepps.
- Gunnar Jónsson, bæjarritari í Fjarðabyggð.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

C. Kjör siðanefndar



Formaður starfsháttanefndar lagði fram tillögu um að fulltrúar í síðanefnd Austurbrúar ses. verði áfram:

- Bjarni G. Björgvinsson, lögfræðingur.
- Þórður Vilberg Guðmundsson, sagnfræðingur.
- Séra Sigríður Rún Tryggvadóttir.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóri Austurbrúar kynnti fyrir fundarmönnum fagráð Austurbrúar 2026-2027

- Ferðaþjónusta: Díana Mjöll Sveinsdóttir, formaður.
- Atvinnu- og nýsköpunarmál: Sindri Sigurðsson, varaformaður.
- Menning: Hlín Pétursdóttir Behrens.
- Fræðslumál, vinnumarkaður: Hjördís Þóra Sigursteinsdóttir.
- Fræðslumál, háskóli og rannsóknir: Kristján Ketill Stefánsson.

Stjórnarmenn af vettvangi sveitarstjórnarmála voru kjörnir til tveggja ára á ársfundi árið 2024 og munu sitja fram yfir sveitarstjórnarkosningar þann 16. maí þegar ný stjórn verður kjörin á aukaaðalfundi.

Sú breyting varð í febrúar 2026 að Axel Örn Sveinbjörnsson, fulltrúi Vopnarfjarðarhrepps, fór úr stjórn og Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir tók sæti hans.

Fram að aukaaðalfundi sitja því í stjórn:

- Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður, Múlaþing.
- Þuríður Lillý Sigurðardóttir, varaformaður, Fjarðabyggð.
- Stefán Þór Eysteinnsson, Fjarðabyggð.
- Eyþór Stefánsson, Múlaþing.
- Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Vopnafjarðarhreppur.
- Díana Mjöll Sveinsdóttir, af vettvangi ferðaþjónustu.
- Sindri Sigurðsson, af vettvangi atvinnulífs.
- Jóhann F. Þórhallsson, áheyrnarfulltrúi, Fljótisdalshreppur.

7) Ákvörðun um þóknun stjórnar og fagráðs

Formaður starfsháttarnefndar Austurbrúar, Skúli Björn Gunnarsson, kynnti tillögu nefndarinnar að þóknun stjórnar fyrir setna fundi verði í samræmi við það skipulag sem samþykkt var á haustþingi SSA 2020.

Grunnviðmið fyrir laun stjórnar er þingfararkaup eins og það var í október 2020 og tekur það síðan breytingum í janúar ár hvert í samræmi við hlutfallslega breytingu á samningum FOSA við launanefnd sveitarfélaga. Laun fyrir setu í stjórn



Austurbrúar eru því greiddar 51.461 kr. en jafnframt tekur Austurbrú þátt í mánaðarlaunum formanns sem nemur jafnhárri fjárhæð. Fyrir setu í fagráði er greitt 22.055. fyrir hvern setinn fund.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

8) Önnur mál

Fundarstjóri bauð upp á umræðu um önnur mál.

Formaður stjórnar SSA og Austurbrúar, Berglind Harpa Svavarsdóttir, tók til máls og þakkaði Skúla Birni Gunnarssyni, fráfarandi formanni starfsháttanefndar Austurbrúar, fyrir störf hans í þágu stofnunarinnar. Í máli formanns kom fram að Skúli hefði komið að starfi Austurbrúar frá upphafi, meðal annars sem stjórnarmaður á fyrsta starfsárinu og síðar sem formaður starfsháttanefndar. Þá átti hann einnig þátt í undirbúningi að stofnun Austurbrúar. Í ávarpinu var sérstaklega þakkað fyrir mikilvægt framlag hans til þróunar og mótunar starfsemi Austurbrúar, þar sem hann hefði gegnt lykilhlutverki í skipulagsbreytingum og eflingu samstarfs á Austurlandi. Formaður færði Skúla Birni þakkir fyrir samstarfið og óskaði honum alls hins besta á nýjum vettvangi.

Engin önnur mál voru tekin fyrir og bauð fundarstjóri formanni stjórnar að taka við og slíta fundi.

Formaður stjórnar þakkaði fyrir fundinn og hvatti fundarmenn til að staldra við, hlýða m.a. á innlegg Líneikar Önnu Sævarsdóttur og hlýða á tónlistaratriði og nota tækifærið til samtals, sem sé mikilvægasti hlutur þess þegar sveitarstjórnarfólk og þeir sem að Austurbrú standa, koma saman. Formaðurinn sleit ársfundinum klukkan 14:00.



Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Jón Björn Hákonarson

Gunnar Jónsson

Þórður Vilberg Guðmundsson